

**Ed. 259. Frumvarp til laga [216. mál]**

um afnám laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., með síðari breytingum, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Lög nr. 13/1979 voru sett í tíð ráðuneytis Ólafs Jóhannessonar og rangnefnd „Ólafslög“ því að alþjóð er kunn tregða þáverandi forsætisráðherra að flytja frumvarpið og fylgja því fram. Hér er í raun um að ræða lögfestingu ýmiss konar greinargerða embættismanna sem töldu sig hafa ráð undir hverju rífi ef kennisetningar þeirra og hugdettur yrðu settar í lög landsins.

Þótt samsuða þessi sé í senn lögfræðilegur ósómi og í flestu fánýtt plagg hefur hún að nokkru leyti verið framkvæmd og leitast hefur verið við að fylgja „stefnumörkuninni“ með þeim afleiðingum sem alþjóð eru kunnar.

Tímabært er að afmá slitur þessara laga úr íslensku lagasafni, en vera má að einhverju þurfi að hnika til í öðrum lögum þegar þessi verða felld úr gildi. Kæmi það til athugunar í þingnefnd.